

Austurbæjarbíó - Hús unga fólksins!



Austurbæjarbíó - Hús Unga Fólksins opnar formlega þriðjudagskvöldið 9. Júní 2009. Húsið verður miðstöð fyrir ungt fólk sem vill virkja krafta sína í frjóu og hvetjandi umhverfi.

Húsið verður opið á milli 10 og 18 alla virka daga í sumar.

Dagskráin er auglýst jafn óðum á heimasíðunni www.frumkvæði.is og

svo á facebook, hópurinn er Austurbæjarbíó!

Markmið miðstöðvarinnar er að bjóða upp á aðstoð og aðstöðu við framkvæmd nýsköpunarhugmynda ungs fólks, bjóða upp á fjölbreytilega dagskrá í húsinu og virkja krafta ungs fólks við andlitslyftingu Austurbæjarbíós ásamt því að bjóða upp á hressingu. Haft verður að leiðarljósi að skapa vettvang þar sem öllum er frjálst að koma á sínum eigin forsendum og taka þátt í verkefnum með öðru fólki í góðu umhverfi.

Austurbæjarbíó er miðstöð Samfélagsins Frumkvæði (www.frumkvaedi.is) sem aðstoðar ungt fólk við framkvæmd verkefna sinna, hvort sem þau eru á byrjunarstigi eða lengra komin, tengd viðskiptum, listgreinum eða hverju sem er.

Hægt er að sækja um styrki til að vinna ýmis verkefni, nánari upplýsingar gefur starfshópur Austurbæjarbíós en í forsvari er:

Agnar Jón Egilsson
agnar@leynileikhusid.is
849 8877

Verkefnið er samstarfsverkefni Samfélagsins Frumkvæði (frumkvaedi.is), Hins Hússins, Rauða Krossins í Reykjavík, Lýðheilsustöðvar og Sambands Íslenskra Framhaldsskólanema.

Hugmyndir?

Austurbæjarbíó - Hús Unga Fólksins býður, eins og nafnið gefur til kynna, upp á fjölbreytilega dagskrá sem er þátttakendum að kostnaðarlausu og er opin öllu ungu fólki.

Haldin verða námskeið og samstarfshópar um hvaðeina sem áhuga vekur hverju sinni. Lögð er áhersla á að virkir þátttakendur í sumarstarfi Austurbæjarbíós ráði ferðinni um dagskrá hússins og haldi utan um hvert verkefni.

- Ertu með góða hugmynd sem þarf að framkvæma sem fyrst?
- Langar þig að hitta annað fólk með svipaðar hugmyndir?

- Viltu gera þér dagamun, fá þér hressingu, sýna þig og sjá aðra ?
- Viltu gerast sjálfbóðaliði við uppbyggingu og andlitslyftingu Austurbæjarbíós?
- Viltu taka þátt í áhugaverðum námskeiðum og verkefnum?

Þá er Austurbæjarbíó vettvangur þinn! Engar sérstakar kröfur eða skilmálar eru settar verkefnunum sem fram fara í húsinu, þó eru undantekin verkefni sem stangast á við almenn lög eða reglur hússins. Reynt verður þó eftir fremsta megni að koma til móts alla sem vilja koma sínu á framfæri.

Láttu sjá þig í sumar!

Austurbæjarbíó- Hús Unga Fólksins.